

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
Austurvelli
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. október 2019
2019100013/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannafjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannafjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál.

Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt og rétt að skoða hvort gæðastýring í sauðfjárrækt og landnýtingarþáttur hennar sé í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti. Undir það fellur að sýnt sé fram á með óyggjandi hætti að sauðfjárrækt á einstökum stöðum í landinu standist viðmiðunarmörk um ástand heimalands og upprekstrarlanda. Og sé þ.a.l. í samræmi við sjálfbæra nýtingu lands eins og hún er skilgreind hverju sinni í þeim lögum sem tilgreind eru í greinargerð með tillögunni. Mikilvægt er að komið sé á virku vottunarkerfi um sjálfbæra nýting lands sem byggir á vísindalegum gögnum og viðmiðum um ástand þess lands sem nýtt er til sauðfjárræktar. Náttúrufræðistofnun tekur undir að ekki beri að veita almannafé til sauðfjárræktar þar sem sýnt er fram á að hún nái ekki nágildandi viðmiðum um sjálfbæra nýtingu lands.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

